

# MINNINGARKORT

Símar **533-1088** og **898-5819**

Veittar eru upplýsingar og ráðgjöf í sömu sínum.

Bréfsími félagsins er **533-1089**

Netfang (E-MAIL) **faas@alzheimer.is**

Vefsíða: **www.alzheimer.is**

# FRÉTTABRÉF

3. tbl. starfsársins 2008-2009



**FAAS**

Félag áhugafólks og aðstandenda  
Alzheimerssjúklinga og annarra  
skyldra sjúkdóma

## Til sölu hjá félaginu

Bækurnar;

Að endurvekja lífsneistann hjá fólki með heilabilun

Í skugga Alzheimers

Hvers vegna svarar þú ekki, afi?

KAREN - Í viðjum Alzheimers

Umönnun fólks sem þjáist af ...

Þegar á reynir

Ný sýn á heilabilun - einstaklingurinn í öndvegi

Heilabilun

Í öðru landi

Myndbandið "Hugarhvarf"

Markmiðskort, Tækifæriskort,

Barmmerki og fleira.

**Jóla kortin verða til sölu á fundinum**

## Aðventufundur

Verður haldinn miðvikudaginn 26. nóvember kl. 20:00 í Safnaðarheimili  
Grensáskirkju, Háaleitisbraut 66 í Reykjavík.

Húsið verður opnað kl. 19:30

Dagskrá

1. Fundur settur
2. Jólahugvekja. Séra Ólafur Jóhannsson, sóknarprestur  
Grensáskirkju flytur.
3. Hjólastólasveitin
4. Fanney Proppé les jólasögu
5. Kvennakórinn Heklurnar syngur
6. Einsöngur

Allir eru velkomnir og takið með ykkur gesti.

Kaffi í boði FAAS

## Kæru félagar.

Aðventan er að ganga í garð. Hún er tími hátíðleika og gleði. Fallegu ljósin sem þegar eru farin að tindra, minna okkur á að hátíð ljóss og friðar er í nánd. Þessi tími er okkar skjólstaðingum oft erfiður. Það þarf ekki stórar gjafir til að rjúfa einmanaleika. Símtal, heimsóknir, vingjarnlegt bros eða önnur vissa um að vera ekki gleymdur er mörgum mesta gleðin.

Aðventuhátíð félagsins hefir ætíð verið vel heppnuð. Hermann Spencer sagði "Við hættum ekki að leika okkur vegna þess að við eldumst. Við eldumst vegna þess að við hættum að leika okkur." Mætum í hátíðarskapi miðvikudaginn 26. nóvember.

Bestu hátíðarkveðjur til ykkar  
frá stjórn FAAS  
María Th. Jónsdóttir

## Formleg opnun Maríuhúss.

Laugardaginn 8. nóvember sl. fór fram formleg opnun Maríuhúss að viðstöddum fjölda góðra gesta. Séra Pálmi Matthíasson, sóknarprestur í Bústaðakirkju blessaði húsið og starfsemi þess. Margar ræður voru haldnar, gjafir veittar og félaginu færðar árnaðaróskir með þennan stóra áfanga. Starfsfólki Maríuhúss hefur tekist að gera þetta fallega hús mjög hlýlegt og víst er að heimilismönnum á eftir að líða vel í húsinu í umönnun þess.

Forstöðumaður Maríuhúss er Sólborg Sumarliðadóttir.

## FAAS gefur út nýja bók.

Bókin „*Að endurheimta lífsneistann hjá fólki með heilabilun*“ kom út í byrjun nóvember. Í þessu litla riti eru meðal annars leiðbeiningar um hvernig við getum átt jákvæð samskipti við fólk með heilabilun. Auk þess eru tillögur að daglegum athöfnum sem fólk með heilabilun getur enn haft ánægju af og því er lýst hvernig við getum tryggt að þessar athafnir verði jákvæðar fyrir sjúklinginn og þá aðila sem annast hann.

Höfundur bókarinnar er Jane Verity og þýðandi Ingibjörg Pétursdóttir.

## FAAS fréttir.

Vegna óviðráðanlegra ástæðna hefur dregist að FAAS fréttir komi út, en 7. árgangur blaðsins er nú á lokastigi í umbroti og fer í prentun í lok mánaðarins. Verður blaðið sent félagsmönnum í pósti í byrjun desember.

## Heimasíðan [www.alzheimer.is](http://www.alzheimer.is).

Nú er verið að gera miklar breytingar á heimasíðu FAAS og verður nýi vefurinn tekinn í notkun mjög fljótlega. Notaðar eru veflausnir frá fyrirtækinu Greind ehf, en uppsetning nýju heimasíðunnar er unnin af Erna Björk Antonsdóttur, framkvæmdastjóra FAAS og hefur hún jafnframt umsjón með henni. Faglegur ráðgjafi efnis á vefnum er Jón Snædal öldrunarlæknir. Vonum við að félagsmönnum muni líka vel við nýju heimasíðuna.

## Hvíldarinnlagnir.

Eins og félagsmenn hafa fylgst með höfum við barist fyrir því að fá að nýta húsnæði, sem er á sömu hæð og dagþjálfunin Drafnarhús í Hafnarfirði, til hvíldarinnlagna fyrir heilabilaða.

Þetta er nú orðin staðreynd. Í byrjun nóvember veitti félagsmála-ráðuneytið leyfi fyrir sjö hvíldarrýmum í Drafnarhúsi og er nú þegar farið að undirbúa breytingar í þá veru. Hafnarfjarðarbær tók húsnæðið á leigu og kostar breytingar á því sem gera þarf, til að uppfylla öll skilyrði vegna starfseminnar.

## Dagvistarrými á Selfossi.

Árborg fékk einnig úthlutað leyfum fyrir 10 dagvistarrýmum fyrir heilabilaða frá 1. nóvember sl. Sveitarfélagið var búið að festa kaup á einbýlishúsi að Vallholti 38 til afnota fyrir starfsemina.

Þegar er byrjað að lagfæra húsið og standa vonir til að hægt verða að hefja reksturinn í janúar 2009.